52 Tilboð Hjalta í hönnun og dreifingu auglýsinganna hljóðar upp á 114 877 krónur. Það er hönnun og þjónustulaun 26 250 kr., birting í fjölmiðlum er 69 200 kr., og flutningar 4844 kr. Samtals er kostnaðurinn 100 294 krónur. Ef dreginn er frá staðgreiðsluafsláttur er upphæðin 92 270 kr. Virðisaukaskattur bætist síðan við.

53 Dæmi um svar.
Auglýsingaherferðin mun borga sig þegar til lengri tíma er litið. Aðsókn hafði aukist helgina eftir auglýsingaherferðina eins og sést þegar töflurnar eru skoðaðar. Þar kemur m.a. fram að:

Helgina fyrir auglýsingaherferðina var heildarnýting á sætum í sal A 47%.
Helgina eftir auglýsingaherferðina var heildarnýting á sætum í sal A 60%.

Helgina fyrir auglýsingaherferðina var heildarnýting á sætum í sal B 54%.
Helgina eftir auglýsingaherferðina var heildarnýting á sætum í sal B 70%.

Helgina fyrir auglýsingaherferðina var heildarnýting á sætum í sal C 47%.
Helgina eftir auglýsingaherferðina var heildarnýting á sætum í sal C 48%.

Svo auglýsingaherferðin mun borga sig.

Þrautir

bls. 65

Einn krani eða tveir?

Ef skrúfað er frá báðum krönum samtímis tekur 2 tíma að fylla kerið.

Peningaflutningar

Gefum peningunum númer frá 1–8, þannig að sá sem er lengst til vinstri er númer 1 og sá sem er lengst til hægri er númer 8.
Byrjum á að flytja peninga númer 2 og 3 þannig að númer 2 liggi hægra megin við númer 8.
Því næst flytjum við 5 og 6 og setjum á milli 1 og 4.
Næsta skref er að flytja peninga númer 8 og 2 og setja á milli 4 og 7.
Að síðustu eru 1 og 5 settir á milli 7 og 3.

Að komast yfir ána

Hér er ein lausn.
Í fyrstu ferð róa Arnar og Anna yfir. Anna verður eftir og Arnar rær til baka.
Í annarri ferð róa Birgir og Birna yfir. Birna verður eftir og Birgir rær til baka.
Í þriðju ferð róa Arnar og Birgir yfir. Birgir verður eftir og Arnar rær til baka.
Í fjórðu ferð róa Dagný og Davíð yfir. Þau verða bæði eftir og Birgir rær til baka.
Í fimmtu og þá síðustu ferð róa Arnar og Birgir yfir. Þá eru hjónin þrenn öll komin yfir.

Alls eru þetta 9 ferðir, þ.e. fimm yfir + fjórar til baka.

Tölur

bls. 66

1 a) Til dæmis er ekki hægt að búa til heilu töluna −1 með því að nota einungis samlagningu og töluna 1.

b) Þú getur búið til óendanlega margar jákvæðar heilar tölur með því að bæta stöðugt einum við 1. T.d. 1 + 1 = 2, 1 + 1 + 1 = 3, 1 + 1 + 1 + 1 = 4 o.s.frv. Alltaf er einum bætt við og þú getur í raun haldið áfram út í það óendanlega. Á svipaðan hátt er hægt að nota frádrátt til að búa til óendanlega margar neikvæðar heilar tölur. T.d. 1 − 1 = 0, 1 − 1 − 1 = −1, 1 − 1 − 1 − 1 = −2 o.s.frv.

2

a) 4	c) 5	e) 5	g) 5
b) 4	d) 120	f) 5	h) 5

Fjarlægð getur aldrei verið neikvæð tala því hún er lengd milli tveggja punkta.

3 a) 6 og −4 hafa fjarlægðina 5 frá punktinum 1.
b) 13 og −11 hafa fjarlægðina 12 frá punktinum 1.

bls. 67

4

a) 34	b) 1951	c) 1789	d) 979

5

a) MMV	b) MCDXLVII	c) XCIX	d) CCXXXIV

6 a) T.d. 500 og 1000
b) T.d. 34 og 99

7 a)
$$2+2+2+2+2=10$$
$$2\cdot 2\cdot 2\cdot 2\cdot 2=32$$

b)
$$6^3=216$$
$$3^6=729$$

c)
$$63-7=56$$
$$63:7=9$$

8 a) $5^2 > 5 \cdot 2$

b) $8^3 > 3 \cdot 8$

c) $49^2 = 7^4$

d) $14^5 < 22^5$

e) $25^4 = 5^8$

f) $4^2 = 2^4$

g) $17^2 < 5^6$

h) $9^3 > 6^3$

9 Það þarf að margfalda 2 með sjálfum sér 9 sinnum til að fá fjögurra stafa tölu.
Það þarf að margfalda 5 með sjálfum sér 4 sinnum til að fá fjögurra stafa tölu.
Það þarf að margfalda 8 með sjálfum sér 3 sinnum til að fá fjögurra stafa tölu.

bls. 68

10 a) Nei, það breytir engu.
b) Já, en útkoman verður alltaf 0.

11 $\frac{2540}{6} = 423{,}333...$, $\frac{2540}{5} = 508$, $\frac{2540}{4} = 635$, $\frac{2540}{3} = 846{,}666...$,
$\frac{2540}{2}$ 1270, $\frac{2540}{1} = 2540$, $\frac{2540}{0} = 0$, $\frac{2540}{-1} = -2540$, $\frac{2540}{-2} = -1270$,
$\frac{2540}{-3} = -846{,}666...$, $\frac{2540}{-4} = -635$, $\frac{2540}{-5} = -508$, $\frac{2540}{-6} = -423{,}333...$

Þegar deilt er með annars vegar jákvæðri tölu og hins vegar neikvæðri tölu af sömu stærð í einhverja tölu þá verður niðurstaðan sú sama nema að hún verður neikvæð í því tilfelli þar sem deilt var með neikvæðu tölunni.

12 $\frac{275}{4} = 68{,}75$, $\frac{275}{3} = 91{,}666...$, $\frac{275}{2} = 137{,}5$, $\frac{275}{1} = 275$, $\frac{275}{0} = 0$,
$\frac{275}{-1} = -275$, $\frac{275}{-2} = -137{,}5$, $\frac{275}{-3} = -91{,}666...$, $\frac{275}{-4} = -68{,}75$

Já, það kemur fram sambærilegt mynstur og í dæmi 11.

13 Margar mögulegar lausnir.

14 a) Ekki frumtala því frumtalan 5 gengur upp í hana.
b) Ekki frumtala því frumtalan 3 gengur upp í hana.
c) Ekki frumtala því frumtalan 7 gengur upp í hana.
d) Ekki frumtala því frumtalan 3 gengur upp í hana.
e) Ekki frumtala því frumtalan 13 gengur upp í hana.
f) Ekki frumtala því frumtalan 3 gengur upp í hana.
g) Ekki frumtala því frumtalan 3 gengur upp í hana.

15 a) $30 = 2 \cdot 3 \cdot 5$
b) 3
c) Það eru 8 tölur sem ganga upp í 30, þ.e. 1, 2, 3, 5, 6, 10, 15 og 30.
Frumþættina er hægt að margfalda saman tvo og tvo til að finna hvaða tölur það eru, utan frumþáttanna sjálfra, sem ganga upp í 30. Auk þess ganga að sjálfsögðu talan 1 og talan sjálf upp í 30.

16 a) 1, 2, 3, 4, 6 og 12
b) 1, 2, 7, 11, 14, 22, 77 og 154
c) 1, 3, 5, 13, 15, 39, 65 og 195
d) 1, 5, 7, 25, 35 og 175
e) 1, 2, 3, 6, 9, 18, 27 og 54

17 $24 = 2 \cdot 2 \cdot 2 \cdot 3$
$18 = 2 \cdot 3 \cdot 3$

bls. 69

18 a) Frumþættir tölunnar 42.
b) Frumþættir tölunnar 70.
c) 2 og 7.
d) Hæsta tala sem gengur upp í báðar tölurnar er 14.
e) 2, 3, 5 og 7 eru frumþættir tölunnar 210 sem er minnsta talan sem bæði 42 og 70 ganga upp í.

19 a)



b) Í sniðmenginu eru frumþættirnir 2 og 3.
Hæsta tala sem gengur upp í bæði 24 og 18 er 6, því $2 \cdot 3 = 6$.

c) Í sammenginu eru frumþættirnir 2, 2, 2, 3 og 3.
Það eru frumþættir tölunnar 432.
432 er minnsta talan sem bæði 18 og 24 ganga upp í.

20 a)



b) Í sniðmenginu eru frumþættirnir 2, 3 og 5.
Hæsta talan sem gengur upp í bæði 150 og 210 er 30.

c) Í sammenginu eru frumþættirnir 2, 3, 5, 5 og 7.
Það eru frumþættir tölunnar 1050.
1050 er minnsta talan sem bæði 150 og 210 ganga upp í.

21 Í mengi A eru stór form.
Í mengi B eru þríhyrningar.
Í mengi C eru þættir tölunnar 168.
Í mengi D eru þættir tölunnar 240.

bls. 70

22 a) $\frac{6}{5}$

b) $\frac{123}{100}$

c) $\frac{1235}{1000} = \frac{247}{200}$

d) $\frac{12358}{10000} = \frac{6179}{5000}$

23 a) Margar mögulegar lausnir

b)



bls. 71

24 a) 0,666...
b) 0,8333...
c) 0,25
d) 0,333...
e) 0,3888...
f) 0,41666...
g) 0,692307692...
h) 0,75

25 a) $\frac{2}{8}$ og $\frac{39}{52}$ er hægt að skrá sem endanleg tugabrot.

b) Hér er verið að leita eftir ákveðnum tölustöfum sem endurtaka sig í sífellu í aukastöfum tugabrotanna, t.d. er $\frac{2}{3}$ = 0,666... þar sem talan 6 endurtekur sig í sífellu.

26 a) $\frac{1}{11}$ = 0,090909..., lotan er 09
$\frac{2}{11}$ = 0,181818..., lotan er 18
$\frac{3}{11}$ = 0,272727..., lotan er 27
$\frac{4}{11}$ = 0,363636..., lotan er 36
$\frac{5}{11}$ = 0,454545..., lotan er 45
$\frac{6}{11}$ = 0,545454..., lotan er 54
$\frac{7}{11}$ = 0,636363..., lotan er 63
$\frac{8}{11}$ = 0,727272..., lotan er 72
$\frac{9}{11}$ = 0,818181..., lotan er 81
$\frac{10}{11}$ = 0,909090..., lotan er 90
$\frac{11}{11}$ = 1

b) 0,08333..., lotan er 3
c) 0,343434..., lotan er 34
d) 0,777..., lotan er 7
e) 0,277227722..., lotan er 2772
f) 0,135135..., lotan er 135
g) 0,351351..., lotan er 351

27 Lotan samanstóð ávallt af tveimur tölum. Lotur brotanna voru: 09, 18, 27, 36, 45, 54, 63, 72, 81, 90. Ákveðið mynstur er í lotunum sem lýsir sér þannig að við hvern ellefta hluta sem bætt er við hækkar fyrri tala lotunnar um 1 en seinni tala lotunnar lækkar um 1. Mynstureiningin er alltaf margfeldi af níu.

28 a) $\frac{1}{3}, \frac{2}{3}, \frac{3}{3}, \frac{4}{3}, \frac{5}{3}, \frac{6}{3}, \frac{7}{3}, \ldots$

b) $\frac{1}{8}, \frac{2}{8}, \frac{3}{8}, \frac{4}{8}, \frac{5}{8}, \frac{6}{8}, \frac{7}{8}, \frac{8}{8}, \ldots$

c) $\frac{1}{9}, \frac{2}{9}, \frac{3}{9}, \frac{4}{9}, \frac{5}{9}, \frac{6}{9}, \frac{7}{9}, \frac{8}{9}, \frac{8}{9}, \ldots$

29 a) $\frac{16}{25}$ b) $\frac{3}{8}$ c) $\frac{29}{20}$ d) $\frac{176}{25}$ e) $\frac{37037}{10000}$ f) $\frac{17}{5000}$

30 a) 1,2 b) 4,75 c) 358,875 d) 7,333 … e) 1,123 f) 0,022

bls. 72

31 a) 1, 3, 6, 10, 15, 21, 28, 36, 45, 55

b) Reglan er sú að alltaf er næstu náttúrulegu tölu bætt við til að fá þá þríhyrningstölu sem á að vera næst í röðinni.

$$1$$
$$1 + 2 = \mathbf{3}$$
$$(1 + 2) + 3 = \mathbf{6}$$
$$(1 + 2 + 3) + 4 = \mathbf{10}$$
$$(1 + 2 + 3 + 4) + 5 = \mathbf{15}$$

c) Tuttugasta þríhyrningstalan er 210.
Fimmtugasta þríhyrningstalan er 1275.

32 a) 1, 4, 9, 16, 25, 36, 49, 64, 81, 100

b) Reglan er sú að bæta alltaf næstu oddatölu á eftir við fyrri ferningstölu til að fá þá sem á að vera næst í röðinni.

$$1$$
$$1 + 3 = \mathbf{4}$$
$$(1 + 3) + 5 = \mathbf{9}$$
$$(1 + 3 + 5) + 7 = \mathbf{16}$$
$$(1 + 3 + 5 + 7) + 9 = \mathbf{25}$$

Einnig má hugsa sér að fyrsta ferningstalan sé 1^2, önnur ferningstalan sé 2^2, sú þriðja 3^2 o.s.frv. Þannig er til að mynda þrettánda ferningstalan $169 = 13^2$

c) Tuttugasta ferningstalan er 400 (eða 20^2).
Fimmtugasta ferningstalan er 2500 (eða 50^2).

33 Fyrir tölurnar 1–6
- 4 mismunandi lausnir.
- Þær summur sem hægt er að mynda eru 9, 10, 11 og 12.
- Minnsta mögulega summa er 9.
- Stærsta mögulega summa er 12.
- Ef summa talnanna í hornunum er slétt tala þá er summan á hliðum þríhyrningsins oddatala.
- Ef summa talnanna í hornunum er oddatala þá er summan á hliðum þríhyrningsins slétt tala.

Fyrir tölurnar 2–7
- 4 mismunandi lausnir.
- Þær summur sem hægt er að mynda eru 12, 13, 14 og 15.
- Minnsta mögulega summa er 12.
- Stærsta mögulega summa er 15.
- Ef summa talnanna í hornunum er slétt tala þá er summan á hliðum þríhyrningsins oddatala.
- Ef summa talnanna í hornunum er oddatala þá er summan á hliðum þríhyrningsins slétt tala.

Fyrir tölurnar 3–8
- 4 mismunandi lausnir.
- Þær summur sem hægt er að mynda eru 15, 16, 17 og 18.
- Minnsta mögulega summa er 15.
- Stærsta mögulega summa er 18.
- Ef summa talnanna í hornunum er slétt tala þá er summan á hliðum þríhyrningsins oddatala.
- Ef summa talnanna í hornunum er oddatala þá er summan á hliðum þríhyrningsins slétt tala.

bls. 73

34 Reglan fyrir þessa talnarunu er að við byrjum með tölurnar 0 og 1 og næsta tala á eftir er summa þeirra tveggja talna er á undan koma. Til að mynda er 3 + 5 = 8 og kemur því 8 á eftir 5 í rununni.
Næstu 10 Fibonacci-tölur eru: 55, 89, 144, 233, 377, 610, 987, 1597, 2584, 4181.

35 a) Ein
b) Ein
c) Ein
d) Engin
e) Á þann hátt að næsta tala í rununni er ávallt summa þeirra tveggja er á undan koma.

36 Í hólf 1 eru 1 leið.
Í hólf 2 eru 2 leiðir.
Í hólf 3 eru 3 leiðir.
Í hólf 4 eru 5 leiðir.
Í hólf 5 eru 8 leiðir.
Í hólf 6 eru 13 leiðir.
Í hólf 7 er 21 leið.
Í hólf 8 eru 34 leiðir.
Í hólf 9 eru 55 leiðir.
Í hólf 10 eru 89 leiðir.

37 a) 52 = 34 + 13 + 5
b) 143 = 89 + 34 + 13 + 5 + 2
c) 88 = 55 + 21 + 8 + 3 + 1
d) 2000 = 1597 + 377 + 21 + 5
e) 1289 = 987 + 233 + 55 + 13 + 1
f) 1750 = 1597 + 144 + 8 + 1

bls. 74

38 a)–b)



39 a)

Nr. raðar	Summa
1	1
2	2
3	4
4	8
5	16
6	32
7	64
8	128
9	256
10	512
11	1024
12	2048
13	4096
14	8192
15	16384

b) Summan tvöfaldast alltaf á milli raða.
c) Já. Hægt er að skrá allar summurnar sem veldi af tveimur.
d) Já, þetta stenst.

40 a)



b) Margar mögulegar lausnir.

bls. 75

41 Ef notaðir eru þrír kubbar eru sex möguleikar á að raða kubbunum. Tveir þeirra eru þannig að rauði kubburinn er fremst, tveir þannig að sá græni er fremst og loks tveir með þann bláa fremstan.
Ef notaðir eru fjórir kubbar eru 24 möguleikar á að raða kubbunum. Það eru fjórum sinnum fleiri möguleikar en með þrjá kubba.
Ef notaðir eru fimm kubbar eru möguleikarnir 120 (þ.e. fimm sinnum fleiri en ef kubbarnir eru fjórir). Ef kubbarnir væru sex þá væru möguleikarnir 720.

42 a) 2
b) 4
c) 5
d) 6
e) Í a-lið fækkar möguleikum úr 2 í 1, eða um 1.
Í b-lið fækkar möguleikum úr 24 í 6, eða um 18.
Í c-lið fækkar möguleikum úr 120 í 24, eða um 96.
Í d-lið fækkar möguleikum úr 720 í 120, eða um 600.

bls. 76

43 Margar mögulegar lausnir.

44 a) Ef við leggjum saman sjáum við að fyrsta brotið, þ.e. hálfur, er helmingurinn af 1. Næsta brot er svo helmingurinn af því sem vantar upp á að summan verði 1, næsta brot þar á eftir helmingurinn af því sem vantar þá upp á að summan verði 1. Því er ljóst að summan nær því aldrei að verða 1.
b) Svipað og í a-lið, nema nú virkar það bara í hina áttina. Ef við byrjum með einn heilan og drögum helminginn frá, þá er eftir hálfur. Ef við drögum svo helming inn af því frá þá er eftir fjórðungur. Drögum svo helminginn af því frá, svo helminginn af þeirri tölu og svo koll af kolli, má ljóst vera að niðurstaðan nálgast núllið.

45 Skoðum brotin. Ef við leggjum saman $\frac{1}{2}$ og $\frac{1}{4}$ sjáum við að það vantar $\frac{1}{4}$ upp á að við séum með einn heilan. Sé $\frac{1}{3}$ bætt við verður útkoman alltaf stærri en 1, því $\frac{1}{3}$ er meira en $\frac{1}{4}$. Auk þess höfum við tvö almenn brot til viðbótar sem leggja þarf við.

46 Þau þrjú dæmi sem gefa summu sem er hærri en 2 eru:
$\frac{4}{3} + \frac{5}{6}$, $\frac{1}{2} + \frac{5}{3} + \frac{1}{4}$ og $\frac{3}{4} + \frac{2}{5} + \frac{7}{8}$. Hægt er að sjá það með því að skoða stærðir brotanna. Til dæmis eru $\frac{4}{3}$ stærri en einn, þ.e. $\frac{1}{3}$ meira og aðeins vantar $\frac{1}{6}$ upp á að $\frac{5}{6}$ sé einn heill. Þar sem $\frac{1}{3}$ er stærri en $\frac{1}{6}$ hlýtur summa $\frac{4}{3}$ og $\frac{5}{6}$ að vera hærri en 2.

47 a) 5 því litlu munar á $\frac{3}{4}$ og $\frac{5}{8}$

b) 2 því ef $\frac{2}{5}$ eru dregnir frá $2\frac{1}{5}$ munar einum fimmta að svarið sé 2.

c) 3 því $\frac{8}{5}$ jafngilda $1\frac{3}{5}$ og því er svarið 3.

d) 1 því $\frac{1}{9}$ er lítið brot og litlu munar að $\frac{7}{8}$ sé einn heill.

48 a) Ótal margar lausnir. T.d. $\frac{1}{4} + \frac{1}{6} + \frac{1}{12}$

b) Ótal margar lausnir. T.d. $\frac{4}{7} - \frac{1}{14}$

bls. 77

49 a)

4:2 = 2	14:12 = 1,1666...
6:4 = 1,5	16:14 = 1,142857142...
8:6 = 1,333...	18:16 = 1,125
10:8 = 1,25	20:18 = 1,111...
12:10 = 1,2	22:20 = 1,1

Hlutfallið milli talnanna er að nálgast 1.

b)

3:1 = 3	13:11 = 1,181818...
5:3 = 1,666...	15:13 = 1,153846153
7:5 = 1,4	17:15 = 1,1333...
9:7 = 1,285714285...	19:17 ≈ 1,12
11:9 = 1,222...	21:19 ≈ 1,105

Já, hlutfallið er einnig að nálgast 1.

50 Margar mögulegar lausnir.

51 Hlutfallið milli lengdar og breiddar rétthyrninga sem er að finna á myndinni er það sama, eða rétt rúmlega 1,6, nema ferninganna þar sem hlutfallið er 1.

52 Rétthyrningar a og d hafa sama hlutfall á milli lengdar og breiddar, eða 4. Rétthyrningar b, e og h hafa sama hlutfall á milli lengdar og breiddar, eða 2.

bls. 77

53 a)

$5^3 = 125$	$4^3 = 64$	$3^3 = 27$
$5^2 = 25$	$4^2 = 16$	$3^2 = 9$
$5^1 = 5$	$4^1 = 4$	$3^1 = 3$
$5^0 = 1$	$4^0 = 1$	$3^0 = 1$

b) 5^2 er fimm sinnum minna en 5^3.
5^1 er fimm sinnum minna en 5^2.
Reglan er sú að veldið segir til um hve oft á að margfalda tölu sem hafin er í veldi með sjálfri sér, t.d. er $5^3 = 5 \cdot 5 \cdot 5$ og $5^2 = 5 \cdot 5$.

c) Sama regla gildir fyrir veldi af þremur og fjórum
(t.d. $4^3 = 4 \cdot 4 \cdot 4$ og $3^3 = 3 \cdot 3 \cdot 3$)

d) Ef nota ætti þessa reglu á núllta veldið ætti svarið að vera 0, það er ef við tökum t.d. 5 og margföldum það núll sinnum með sjálfri sér, þá ætti útkoman að vera 0.

e) Ef við skoðum hlutfallið á milli 5^2 og 5^3 sjáum við að 5^3 er fimm sinnum stærri tala en 5^2. Á sama hátt er 5^2 fimm sinnum stærri tala en 5^1, 5^4 er fimm sinnum stærri tala en 5^3 o.s.frv. 5^1 er því einnig fimm sinnum stærri tala en 5^0 sem gefur okkur að núllta veldi er 1 (sama gildir um veldi af 3 og 4 og raunar öllum tölum).

54 Talan er 8.
$8^7 = 2\ 097\ 152$

55 a) $7^7 = 823543$
b) $3^8 = 6561$
c) $4^4 = 256$
d) $5^9 = 1953125$
e) $14^5 = 537824$
f) $6^7 = 279936$

bls. 79

56 a) 55

b) 210

c) 465

d) Af því að tölurnar 100 parast saman tvær og tvær til að búa til summuna 101. Því margfaldar hann með $\frac{1}{2}$ og fær 50 pör af tölum.

e) $\frac{1}{2} \cdot n\,(a_1 + a_n)$ Táknið n merkir hversu margar tölur eru á talnabilinu sem við erum að skoða, a_1 táknar fyrstu töluna á talnabilinu og an táknar síðustu töluna á talnabilinu.

f) $\frac{1}{2} \cdot 500 \cdot (1 + 500) = 125\,250$

$\frac{1}{2} \cdot 100 \cdot (101 + 200) = 15\,050$

$\frac{1}{2} \cdot 100000 \cdot (1 + 100000) = 50\,000\,50\,000$

57 Margar mögulegar lausnir.

58 Margar mögulegar lausnir.

Stærðfræði í atvinnulífinu

bls. 80

Haukur hársnyrtir

Meðal þess sem Haukur þarf að hafa á valdi sínu er:

- Góð þekking á reikniaðgerðunum fjórum (samlagning, frádráttur, margföldun, deiling).
- Kunnátta í prósentureikningi.
- Að geta beitt rúmfræði.
- Að geta reiknað hlutföll.
- Að vera vel að sér í flutningum til að geta flutt línur, horn og stefnur.

bls. 81

Jóhann vélstjóri

Meðal þess sem Jóhann þarf að hafa á valdi sínu er:

- Góð þekking á reikniaðgerðunum fjórum (samlagning, frádráttur, margföldun, deiling).
- Kunnátta í hlutfallareikningi.
- Góð þekking á rúmfræði.
- Tölfræðikunnátta til að geta lesið úr ýmsum töflum og línuritum.
- Þekking á prósentureikningi.

Reglur og reikningur

bls. 82

1 a) $2 + 3 = 3 + 2$, $\frac{1}{2} + \frac{3}{4} = \frac{3}{4} + \frac{1}{2}$

Ef leggja á saman tvær tölur skiptir ekki máli hvort hærri talan er lögð við þá lægri eða sú lægri lögð við þá hærri, útkoman verður sú sama.

b) $2 \cdot 3 = 3 \cdot 2$, $\frac{1}{2} \cdot \frac{3}{4} = \frac{3}{4} \cdot \frac{1}{2}$

Ef margfalda á saman tvær tölur skiptir ekki máli hvort hærri talan er margfölduð með þeirri lægri eða sú lægri margfölduð með þeirri hærri, útkoman verður sú sama.

c) $(2 + 3) + 4 = 2 + (3 + 4)$, $(\frac{1}{2} + \frac{3}{4}) + \frac{4}{5} = \frac{1}{2} + (\frac{3}{4} + \frac{4}{5})$

Ef leggja á saman þrjár tölur skiptir ekki máli í hvaða röð tölurnar eru lagðar saman, útkoman er sú sama.

d) $(2 \cdot 3) \cdot 4 = 2 \cdot (3 \cdot 4)$, $(\frac{1}{2} \cdot \frac{3}{4}) \cdot \frac{4}{5} = \frac{1}{2} \cdot (\frac{3}{4} \cdot \frac{4}{5})$

Ef margfalda á þrjár tölur saman skiptir ekki máli í hvaða röð þær eru margfaldaðar, útkoman verður sú sama.

e) Reglurnar í a- og b-lið.

f) Reglurnar í c- og d-lið.

2 a) T.d. $2 \cdot 0 = 0$ og $\frac{4}{5} \cdot 0 = 0$

b) T.d. $0 + 3 = 3$ og $0 + \frac{1}{2} = \frac{1}{2}$

c) T.d. $5 \cdot 1 = 5$ og $\frac{3}{4} \cdot 1 = \frac{3}{4}$

d) T.d. $4 : 1 = 4$ og $\frac{3}{4} : 1 = \frac{3}{4}$

e) T.d. $3 : 3 = 1$ og $\frac{2}{3} : 1 = \frac{2}{3}$

f) T.d. $0 : 7 = 0$ og $0 : \frac{4}{7} = 0$

g) Talan 1 er hlutleysa í margföldun

3 Sannar: a, b, h, k, l, m, n, o og s.
Ósannar: c, d, e, f, g, i, j, p og r.

bls. 83

4 a) Hér hefur verið bætt við aðra stærðina svo hún standi á heilum tug. Frá hinni stærðinni er svo dregið sem samsvarar því sem bætt var við.

b) $97 + 56 = 100 + 53 = 153$
$268 + 96 = 270 + 94 = 364$
$4613 + 987 = 4600 + 1000 = 5600$

c) Summa tveggja talna er sú sama og ef sama talan er lögð við aðra stærðina og dregin frá hinni.

5 a) Sama talan er lögð við báðar stærðirnar þannig að önnur stærðin stendur á heilum tug eða hundraði svo útreikningar verði auðveldari.

b) $72 - 28 = 74 - 30 = 44$
$262 - 96 = 266 - 100 = 166$
$3421 - 289 = 3432 - 300 = 3132$

c) Mismunur tveggja talna er sá sami og ef sama talan er lögð við báðar tölurnar.

6 a) $4 \cdot 78 = 4 \cdot 80 - 8$ er rétt.

b) $7 \cdot 99 = 7 \cdot 100 - 7 = 693$
$9 \cdot 989 = 9 \cdot 100 - 99 = 8901$
$25 \cdot 9997 = 25 \cdot 10\,000 - 75 = 249\,925$

c) Ef tvær tölur eru margfaldaðar saman skilar það ákveðinni útkomu. Sé einhver stærð lögð við aðra töluna áður en margfaldað er og þess gætt að margfalda það sem bætt var við með sömu tölu og draga frá, þá mun útkoman verða sú sama.

7 a) Hér er stærri tölunni skipt upp í hundruði, tugi og einingar samkvæmt þeim reglum sem gilda um sætiskerfi. Hver stærð er svo margfölduð með lægri tölunni og niðurstöður úr margfölduninni lagðar saman.

b) $5 \cdot 87 = 5 \cdot 80 + 5 \cdot 7 = 400 + 35 = 435$
$6 \cdot 56 = 6 \cdot 50 + 6 \cdot 6 = 300 + 36 = 336$
$7 \cdot 764 = 7 \cdot 700 + 7 \cdot 60 + 7 \cdot 4 = 4900 + 420 + 28 = 5348$
$17 \cdot 54 = 17 \cdot 50 + 17 \cdot 4 = 850 + 68 = 918$

bls. 84

8 a) 404 + 27 = 431
b) 1758 = 1106 + 652
c) 57 – 36 = 21
d) 237 – 212 = 25
e) 456 – 377 = 79
f) 689 = 512 + 177
g) 676 + 98 = 774
h) 1430 – 789 = 641

9 Margar mögulegar lausnir. Hér eru nokkur dæmi:
442 – 45 = 397
442 – 397 = 45
44,2 – 39,7 = 4,5
3,97 + 0,45 = 4,42
44,2 – 4,5 = 39,7
45 – 442 = -397

10 Margar mögulegar lausnir. Hér eru nokkur dæmi:
6,7 · 12,8 = 85,76
0,67 · 1,28 = 0,8576
67 · 12,8 = 857,6
670 · 1280 = 857 600
67 · 128 = 67 · 130 – 67 · 2 = 8576
128 · 67 = 128 · 60 + 128 · 7 = 8576

11 a) Allar tölur á bilinu 4,14999... til 4,24999...
b) Allar tölur á bilinu 11,18999... til 11,19999...
c) Allar tölur á bilinu 1,01999... til 1,11999...
d) Allar tölur á bilinu 113,7999... til 113,6999...
e) Allar tölur á bilinu 6,45999... til 6,46999...
f) Allar tölur á bilinu 3,1999... til 3,2999...

bls. 85

12 a) 41,25 km
b) U.þ.b. 5,9 km
c) 10,45 km

13 a) 323,9
b) 27,02
c) 0,35
d) 3,29
e) 116,73
f) 56,25
g) 14,87
h) 8,91
i) 0,022

14 a) Það munaði 0,36 á niðurstöðu Matthíasar og réttu svari.
Niðurstaða Matthíasar var of lág.

b) Gunnhildur lagði 0,5 m við 13,8 m í stað þess að leggja 5 m við 13,8 m.
Það munaði 4,5 m á niðurstöðu Gunnhildar og réttu svari.

c) Melkorka lagði 7,0 við 124,3 í stað þess að leggja 7,27 við 124,3.
Það munaði 0,27 á niðurstöðu Melkorku og réttu svari.

d) Daníel hefur annaðhvort notað 28,8 km í stað 28,7 km, eða að hann hefur notað 13,45 km í stað 13,55 km.

bls. 86

15 a) 144,1 km
b) 33,9 km

16 Nei, pakkningarnar vega samtals 50,4 kg.

17 Það komast 6 lög af dósum í skápinn því 6 · 18 = 108 cm en 7 · 18 = 126 cm

18 Verksmiðjan notar 87,4 km af vír dag hvern.

19 Það má framleiða 117 herðatré.

20 Það þarf 8 kassa undir 6 kg af kexi.
6 : 0,75 = 8

21 Pakki með 600 gr kostar 294 krónur.
490 · 0,6 = 294

bls. 87

22 a) Ef margfalda á summu tveggja talna með einhverri tölu gefur það sömu niðurstöðu og ef tölurnar eru margfaldaðar hvor fyrir sig og síðan lagðar saman.

b) $6 \cdot 97 = 6 \cdot (90 + 7)$
$= (6 \cdot 90) + (6 \cdot 7)$
$= 540 + 42$
$= 582$

$6 \cdot 9{,}7 = 6 \cdot (9 + 0{,}7)$
$= (6 \cdot 9) + (6 \cdot 0{,}7)$
$= 54 + 4{,}2$
$= 58{,}2$

$6 \cdot 19{,}7 = 6 \cdot (10 + 9{,}7)$
$= (6 \cdot 10) + (6 \cdot 9{,}7)$
$= 60 + 58{,}2$
$= 118{,}2$

c) $12 \cdot 32 = 12 \cdot (30 + 2)$
$= (12 \cdot 30) + (12 \cdot 7)$
$= 360 + 24$
$= 384$

$12 \cdot 3{,}2 = 12 \cdot (3 + 0{,}2)$
$= (12 \cdot 3) + (12 \cdot 0{,}2)$
$= 36 + 2{,}4$
$= 38{,}4$

$12 \cdot 13{,}2 = 12 \cdot (10 + 3{,}2)$
$= (12 \cdot 10) + (12 \cdot 3{,}2)$
$= 120 + 38{,}4$
$= 158{,}4$

d) $67 \cdot 5 = 5 \cdot 67$
$= 5 \cdot (60 + 7)$
$= (5 \cdot 60) + (5 \cdot 7)$
$= 300 + 35$
$= 335$

$6{,}7 \cdot 5 = 5 \cdot 6{,}7$
$= 5 \cdot (6 + 0{,}7)$
$= (5 \cdot 6) + (5 \cdot 0{,}7)$
$= 30 + 3{,}5$
$= 33{,}5$

$67 \cdot 0{,}5 = 0{,}5 \cdot 67$
$= 0{,}5 \cdot (60 + 7)$
$= (0{,}5 \cdot 60) + (0{,}5 \cdot 7)$
$= 30 + 3{,}5$
$= 33{,}5$

23 Sannar: a, b, e, f, g og h.
Ósannar: c, d, i og j.

24 Með því að námunda hverja tölu fást svör sem eru nálægt nákvæmu svari.
a) $30 \cdot 50 = 1500$
b) $60 \cdot 0{,}4 = 24$
c) $160 : 40 = 4$
d) $70 \cdot 0{,}6 = 42$
e) $72 : 0{,}6 = 120$
f) $40 \cdot 0{,}2 = 8$
g) $40 : 0{,}2 = 200$
h) $70 \cdot 0{,}7 = 49$
i) $70 : 0{,}7 = 100$

bls. 88

25 a) 62 350
b) 6235
c) 1870,5
d) 623,5
e) 124,7
f) 1122,3
g) Í liðum a, b og c
h) Í liðum d, e og f
i) Ef tvær tölur eru margfaldaðar saman og önnur þeirra er minni en 1, þá verður svarið minni tala en stærri talan í dæminu.

26 a) $3.4 \cdot 0{,}98$ er örlitlu minni en 3,4.
b) $0{,}04 \cdot 1{,}08$ er örlitlu stærri en 0,04.
c) $127 \cdot 0{,}009$ er miklu minni en 127.
d) $0{,}09 \cdot 100{,}9$ er miklu stærri en 0,09.
e) $0.03 \cdot 0{,}907$ er örlitlu minni en 0,03.

27 a) 7000 því það er um það bil helmingur af 14 027.
b) 1,2 því það er um það bil 10% af 11,97.
c) 0,09 því einu sinni 0,089 er nálægt 0,9.
d) 0,35 því það er helmingur af 0,7.
e) 4500 því það er 100 sinnum 45.

bls. 89

28 a) 71,64
b) 716,4
c) 2985
d) 7164
e) 35820
f) 3980
g) Ef deilt er með tölu sem er minni en 1 þá verður svarið hærra en talan sem deilt var í.

29 a) 3,4 : 0,98 er örlitlu stærri en 3,4.
b) 0,04 : 1,08 er örlitlu minni en 0,04.
c) 127 : 0,009 er miklu stærri en 127.
d) 0,09 : 100,9 er miklu minni en 0,09
e) 0,03 : 0,907 er örlitlu stærri en 0,03.

30 a) 28000 því 0,49 er um það bil 0,5.
b) 120 því 0,098 er um það bil 0,1.
c) 0,09 því litlu munar á 1,003 og 1.
d) 1,4 því að deila með tveimur jafngildir því að margfalda með tveimur.
e) 0,45 því ef 45 er skipt í 100 hluta verður um það bil hálfur á mann.

bls. 90

31 a) x stendur fyrir 4725
b) Já
c) Já
d) T.d. 3, 5, 7, 15, 21, 25, 35
e) 1

32 a) Til dæmis að þetta er fimm stafa slétt tala sem endar á 6
b) Til dæmis að talan er deilanleg með 3
c) Til dæmis 2, 3, 6, 12, 36, 216, 3888 og 15552
d) 3888
e) Nei
f) 1

33 n-ið stendur fyrir 154.
Útkoma ef deilt er með 4 er 38 $\frac{1}{2}$.
Afgangur ef deilt er með 4 er 2.

34 y-ið stendur fyrir 309.
Útkoma ef deilt er með 4 er 77 $\frac{1}{4}$.
Afgangur ef deilt er með 4 er 1.

35 x-ið stendur fyrir 336.
Útkoma ef deilt er með 5 er 67 $\frac{1}{5}$.
Afgangur ef deilt er með 5 er 1.

36 m-ið stendur fyrir 883.
Útkoma ef deilt er með 6 er 147$\frac{1}{6}$.
Afgangur ef deilt er með 6 er 1.

bls. 91

37

b)

n : 4 = 38,5
y : 4 = 77,25
x : 5 = 67,2
m : 6 = 147,1666...

c) Nei, afgangur við deilingu gefur ekki sama tugabrot. Hins vegar ef við deilum í afganginn með sömu tölu og deilt var með í upphafi þá fáum við tugabrotið.

38 a) 0, 1, 2, 3 og 4
b) 0, 2, 4, 6 og 8

39 a) 0, 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 7
b) 0, 125, 25, 375, 5, 625, 75 og 875

40

a) 983,125	d) 15,875	g) 28,625
b) 81,75	e) 167,25	h) 357,00
c) 554,375	f) 1102,50	i) 2,10

41 a) 0, 1, 2, 3, 4, 5 og 6
b) 142857, 285714, 428571, 571428, 714285 og 857142. Aukastafirnir raðast í 6 stafa lotur sem endurtaka sig í sífellu.

42

a) 27,1429	c) 49,4286	e) 113,2857
b) 1072	d) 562,5714	f) 317,8571

43 a) Já, hægt að skrá sem 7 · 31
b) Já, hægt að skrá sem 15 · 627
c) Já, hægt að skrá sem 9 · 372

44 a) 2,54 b) 25,4 c) 0,76 d) 7,6
e) 0,115 f) 1,15 g) 31,375 h) 313,75

bls. 92

45 a) 18,15 m^3
b) Hann þarf að borga 28 869 krónur.

46 a) 616 006 krónur
b) Heildarkostnaður með afslætti er 523 605 krónur.

KappAbel-stærðfræðikeppnin

bls. 93

1 Það eru 8 mismunandi númer sem passa við lýsingu Hannesar (svarmöguleiki b).

bls. 94

2 Það eru 10 ólík mynstur til (svarmöguleiki a).

3

8	1	15	10	6	3	13	12	4	5	11	14	2	7	9

bls. 95

4 Það koma 90 spegiltölur fyrir á milli 100 og 1000 (svarmöguleiki d).

5 Meðalaldur kennara 1. júní 2002 var 44 ár.

6 a) Ýmsar leiðir eru til að mynda marghyrninga þar sem flatarmálið er nákvæmlega 6 flatareiningar.
b) Ýmsar leiðir eru til að mynda marghyrninga þar sem flatarmálið er nákvæmlega 5 flatareiningar.
c) Enn þá hefur ekki fundist lausn á þessu.

Tölfræði

bls. 96

1 a) Skattar á vöru og þjónustu.
b) Heilbrigðismál
c) Um það bil 29%.
d) Um rúm 3%.
e) 13%. Það eru um 36 402 milljónir króna.

2 a) Tekjur ríkissjóðs í milljónum króna

Skattar á tekjur og hagnað	80 141
Tryggingagjöld	26 315
Eignaskattar	8 666
Skattar á vöru og þjónustu	123 087
Aðrir skattar	650
Aðrar tekjur	35 017
Tekjur alls	273 876

b) Ef uppýsingar eru settar fram í skífuriti er betra að gera sér grein fyrir hve stór hluti af heildinni fer í hvern einstakan útgjaldalið. Einnig auðveldar skífuritið samanburð á útgjaldaliðum. Þar sem um stórar upphæðir er að ræða er ekki víst að hlutfallið milli útgjaldaliða sé svo mikið, þó manni finnist mikill munur á upphæðunum í krónum talið. Skífurit getur hjálpað manni að koma auga á hve mikill munurinn er í raun, sé miðað við heildina.

bls. 97

3 Margar mögulegar leiðir við lausn verkefnisins.

bls. 98

4 a)



b) Það er þó nokkur munur á milli vöruflokka. Til að mynda er flokkurinn Aðrar vörur áberandi minnstur.
c) Um það bil 8,7%.

5 a) Rúmlega 26,6 milljarðar króna.
b) Stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi vegna Kárahnjúkavirkjunar gætu skýrt þessa aukningu.

6 a)



b) Það er mikill munur milli vöruflokka. Einn flokkurinn, sjávarafurðir, er langstærstur. Tveir flokkanna eru svo langsamlega minnstir.
c) 60% af útflutningi eru sjávarafurðir. 35% af útflutningi eru iðnaðarvörur.

7 Nei, vöruskiptajöfnuðurinn var óhagstæður árið 2004.

bls. 99

8 a) Verðmæti innflutnings hefur aukist úr u.þ.b. 100 milljörðum í tæpa 250 milljarða. Það er um 150% aukning. Verðmæti innflutnings hefur alltaf aukist á milli ára ef undan er skilið árið 2002, en þá var verðmæti innflutnings minna en árið á undan.
b) Útflutningur var mestur árið 2002.
c) Bæði inn- og útflutningur hafa aukist mikið á þessu 10 ára tímabili, innflutningur þó sýnu meira. Næstum öll árin hefur vöruskiptajöfnuðurinn verið óhagstæður. Það er aðeins árin 1995 og 2002 sem útflutningur er afgerandi meiri en innflutningur.
d) Vöruskiptajöfnuðurinn var hagstæður árin 1995 og 2002.
e) Árin 2000 og 2004 var mestur munur.

bls. 100

9 Súlurit: Úr því má lesa að haustið 2005 átti Framsóknarflokkur (B) 12 menn á þingi, Frjálslyndi flokkurinn (F) 3 menn, Samfylking (S) 20 menn, Sjálfstæðisflokkur (D) 23 menn og Vinstri-grænir (V) 5 menn.

Línurit: Sýnir hvernig gengi dollars hefur þróast á ákveðnu tímabili. Gengið hefur hæst verið rúmar 63,5 krónur og lægst rétt rúm 61 króna. Seinni hluta tímabilsins hefur gengið verið nokkuð stöðugt en var fremur óstöðugt á fyrri hluta tímabilsins þegar það hækkaði ört og féll svo mjög hratt niður.

Punktarit: Af punktaritinu má lesa að það er nokkuð gott samhengi á milli árangurs í íslensku og stærðfræði.

Stuðlarit: Úr stuðlaritinu má lesa að það eru 8 nemendur sem fá á bilinu 0–4 stig á prófinu, 15 nemendur sem fá á bilinu 5–9 stig, 30 sem fá á bilinu 10–14 stig og 4 sem fá á bilinu 15–20 stig.

Skífurit: Úr skífuritinu má lesa að 93% þeirra sem sátu í stjórnum 15 stærstu fyrirtækja á Íslandi í ársbyrjun 2005 voru karlar. Einungis 7% þeirra sem sátu í stjórnunum voru konur.

10 a) Línurit.
b) Stuðlarit.
c) Skífurit.
d) Súlurit.
e) Línurit eða súlurit.
f) Punktarit.

bls. 101

11 a) Margar mögulegar lausnir.
b) Hóparnir seldu allir jafnmarga penna, 210.
c) Hver hópur seldi að meðaltali 210 penna.
d) 35 penna.
e) Í hópi 5.
f) Í hópi 3, þar munaði 90 pennum á þeim sem seldi flesta og þeim sem seldi fæsta.
g) Í hópi 1 og 2.
h) 36,2 penna.
i) Í hópum 1, 2 og 3 voru 4 nemendur sem seldu minna en meðaltal bekkjarins.
j) Í hópi 1 er miðgildið 32,5. Í hópi 2 er miðgildið 30. Í hópi 3 er miðgildið 20. Í hópi 4 er miðgildið 35. Í hópi 5 er miðgildið 50.
k) 30.
l) Margar hugsanlegar lausnir.

bls. 102

12 a) Miðgildið er 2. Meðaltalið er 2,5.
b) T.d. fjölda barna í 10 fjölskyldum.
c) Meðaltalið lækkar og verður 2,4545... 2 er lægri tala en það meðaltal sem var fyrir í gagnasafninu og því lækkar meðaltalið sé þeirri tölu bætt við gagnasafnið.
d) Meðaltalið hækkar og verður 3. Þar sem 8 er hærri tala en það meðaltal sem var fyrir í gagnasafninu þá hækkar meðaltalið sé þeirri tölu bætt við gagnasafnið.
e) Meðaltalið lækkar og verður 2,2727... 0 er lægri tala en það meðaltal sem var fyrir í gagnasafninu og því lækkar meðaltalið sé þeirri tölu bætt við gagnasafnið.
f) Meðaltalið helst óbreytt, eða 2,5. Þar sem meðaltalið 2 og 3 er það sama og meðaltal gagnasafnsins hefur það ekki áhrif á meðaltalið sé þeim tölum bætt við gagnasafnið.
g) T.d. 1 og 4. Meðaltalið af 1 og 4 er 2,5 eða það sama og meðaltal gagnasafnsins. Því hefur það ekki áhrif á meðaltalið sé þeim tölum bætt við gagnasafnið.
h) T.d. 1, 2 og 4,5. Meðaltalið af 1, 2 og 4,5 er 2,5 eða það sama og meðaltal gagnasafnsins. Því hefur það ekki áhrif á meðaltalið sé þeim tölum bætt við gagnasafnið.
i) Meðaltalið verður 5. Þar sem 30 er mun hærri tala en allar hinar tölurnar þá lýsir meðaltalið gagnasafninu ekki nægilega vel. Ástæðan er sú að talan 30 hækkar meðaltalið það mikið að það er nú orðið jafnmikið og næst-hæsta tala gagnasafnsins. Ef til vill væri betra að nota miðgildi til að lýsa gagnasafninu í þessu tilviki.
j) T.d. 1 og 3, 0 og 5 eða 2 og 2.
k) Ef bætt væri við tölunum 2,5 og 2,5 þá yrði meðaltalið áfram 2,5. Miðgildi myndi hins vegar breytast úr 2 í 2,5.

13 a) Ein talan í gagnasafninu sker sig mikið frá hinum, annaðhvort mun hærri eða mun lægri.
b) Lítill munur á hæsta og lægsta gildi í gagnasafninu.
c) Þá hefur meðaltal hæsta og lægsta gildis verið það sama og meðaltal alls gagnasafnsins.
d) Miðgildi gagnasafns helst alltaf óbreytt ef hæsta og lægsta gildið er tekið frá.
e) Lítill munur á hæsta og lægsta gildi í gagnasafninu og stór hluti talnanna í gagnasafninu raðast í kringum miðju gagnasafnsins.

bls. 103

14 Fjöldi nemenda í myndmennt með einkunn á bilinu 6–8 er 12.
50% nemenda í myndmennt eru með einkunn á bilinu 6–8.
25% nemenda í íþróttum eru með einkunn sem er hærri en 8.
Það er meiri dreifing á einkunnum í íþróttum.
Í myndmennt eru 75% nemenda með einkunn sem er 6 eða hærri en í íþróttum eru 75% með einkunn sem er 5 eða hærri. Því má álykta að nemendur standi sig betur í myndmennt.

15 a)

tugir cm	cm
15	4, 5, 7, 8, 9, 9
16	0, 1, 1, 2, 4
17	0, 1

b) 160
c) Miðgildið fyrir þann hóp stúlkna sem er fyrir neðan miðgildið er 158.
Miðgildið fyrir þann hóp stúlkna sem er fyrir ofan miðgildið er 162.
d) Á bilinu 158 cm–162 cm.

bls. 104

16 a)



b) Það er meiri dreifing á hæð drengja en stúlkna.
c) Hæð stúlkna dreifist á bilið 154-171. Þar af falla 50% gildanna á bilið 158–162.
Hæð drengja dreifis á bilið 152-177. Þar af falla 50% gildanna á bilið 160-169.

17 a)

tugir cm	cm
15	2, 4, 5, 5, 7, 8, 9, 9, 9
16	0, 0, 1, 1, 1, 2, 2, 3, 4, 4, 4, 7, 9
17	0, 0, 1, 2, 7



18 a) Margar hugsanlegar lausnir. Í landi D eru til dæmis 75% nemenda með meira en 460 stig. Í landi C eru 25% með meira en 520 stig og hámarksstigafjöldi er 590 stig. Ef miðað er við neðri fjórðungsmörk þá er röðin D, E og B, C , A. Ef miðað er við efri fjórðungsmörk er árangur C bestur, næst kemur D og E, B og A eru síðan jöfn en færa má rök fyrir að árangur A sé lakari þar sem meiri breidd er í niðurstöðum. Það fer eftir hvað miðað er við hver röðin er.
b) Í löndum C og E var mest dreifing.
c) Í landi C.

bls. 105

19 Dæmið er leiðbeiningar um notkun töflureiknis. Meðaleinkunn verður um það bil 3,7.

bls. 106

20 a)

Einkunn (á bilinu)	Tíðni		
1 – 10	2	2 : 5,5	11
11 – 20	5	5 : 15,5	77,5
21 – 30	12	12 : 25,5	306
31 – 40	12	12 : 35,5	426
41 – 50	10	10 : 45,5	455
51 – 60	7	7 : 55,5	388,5
			1644 samtals

b) 34,7
c) 35
d) 39 og 43 eru tíðustu gildin.
e) 60
f) 6
g) Einkunnir dreifast á bilinu 6–60. Dreifingin er því 54.
h) Helmingur einkunna er á þessu bili, eða 50%.

i)



21 a)



b) Í Bangkok er tiltölulega lítil úrkoma yfir vetrarmánuðina en mjög mikil yfir sumarið. Úrkomumagnið nær hámarki í september en lágmarkið er í desember. Mjög mikill munur er á hæsta og lægsta gildi.
Í Róm er úrkoman meiri yfir vetrarmánuðina en sumarmánuðina. Úrkoman nær hámarki í lok ársins en lágmarkið er yfir hásumarið. Það er tiltölulega mikill munur á hæsta og lægsta gildi.
Í Manchester er úrkomumagnið nokkuð stöðugt yfir alla mánuði ársins. Ekki er mikill munur á hæsta og lægsta gildi. Seinni hluta árs er úrkoman þó örlítið meiri en hún er fyrri hluta ársins.

c) Margar hugsanlegar lausnir.

bls. 107

22 a) Trausti þarf að afla upplýsinga um Internetnotkun unglinga í öllum þeim löndum sem hann ætlar að skoða. Hann þarf að velja sér ákveðið úrtak í hverju landi og afla upplýsinga um hvort viðkomandi einstaklingar noti Internetið. Hann þarf enn fremur að afla sér upplýsinga hjá þeim sem segjast nota Internetið um það til hvers þeir noti það. Gott væri fyrir Trausta að hafa fyrir fram ákveðna svarmöguleika sem þátttakendur fá að velja úr. Það auðveldar honnum að setja upplýsingarnar sem hann aflar fram á tölfræðilegan hátt.

b) Nota má allar spurningarnar nema Notarðu Internetið oft?

c) Hægt að spyrja ýmiss konar spurninga. Hér eru nokkur dæmi:

Notar þú Internetið?
- Já
- Nei

Hversu oft ferðu á Internetið?
- Daglega
- 2–3 í viku
- Sjaldnar

Til hvers notar þú Internetið?
- Skoða fréttir
- Vegna náms
- Tölvupóstur
- Bloggsíður
- Annað?

bls. 108

23 Oft eru unglingar skilgreindir sem fólk á aldrinum 13-18 ára. Þó getur verið að einhverjir hafi aðrar hugmyndir um það á hvaða aldursbili fólk sé þegar það teljist vera unglingar.

24 Sú leið sem gæfi besta mynd af Internetnotkun unglinga væri að spyrja 1000 nemendur á aldrinum 13–18 ára í hverju landi og velja þá af handahófi.

25 Það eru án efa ekki margir unglingar sem eru með símanúmer skráð í símaskrá. Gallinn er þá að ef valið er úr símaskrá myndu nánast allir sem valdir væru ekki geta talist til unglinga.

26 Hér eru nokkur dæmi um kosti og galla.
Kostir: Er auðveld í framkvæmd. Gefur skýra niðurstöðu. Lítill kostnaður.
Gallar: Þarf að borga fyrir að taka þátt. Hægt að kjósa oft. Endurspeglar einungis skoðun þeirra sem eru að horfa á þáttinn.

bls. 109

27 a) Ein leiðin væri að vinna úr upplýsingum í töflureikni.
b) Ein leiðin væri að flokka svörin eftir því frá hvaða landi viðkomandi kemur. Innan hvers lands væri svo hægt að flokka gögnin eftir því hvort viðkomandi er strákur eða stelpa.
c) Trausti gæti til að mynda skoðað hversu oft unglingar í löndunum fimm nota Netið. Hann gæti þá skoðað hve stórt hlutfall unglinga notar Netið oftar en þrisvar á dag, hve stórt hlutfall unglinga notar það daglega og hve stórt hlutfall unglinga notar Netið 2–3 í viku eða sjaldnar.
d) Trausti gæti t.d. sett þær upplýsingar sem hann aflaði upp í súlu- og/eða skífurit þar sem sýnd eru svarhlutföll við tilteknum liðum könnunarinnar.
e) Já, það má taka mark á könnun sem þessari.
f) T.d. foreldrar og skólar.

28 Margar hugsanlegar lausnir.

NÁMSGAGNASTOFNUN 2006 – Lausnir

Metrakerfið

bls. 110

1

1 m = 0,01 hm	1 m = 0,1 dam	1 m = 10 dm
23 cm = 0,0023 hm	23 cm = 0,023 dam	23 cm = 2,3 dm
25,6 m = 2,56 hm	25,6 m = 2,56 dam	25,6 m = 256 dm
8,4 km = 84 hm	8,4 km = 840 dam	8,4 km = 84 000 dm

2

a) 2346 cm
25 830 cm
47 cm
456 100 cm
5,3 cm

c) 0,2346 hm
2,583 hm
0,0047 hm
45,61 hm
0,00053 hm

b) 234,6 dm
2583 dm
4,7 dm
45 610 dm
0,53 dm

d) 0,02346 km
0,2583 km
0,00047 km
4,561 km
0,000053 km

3

a) Algengar mælieiningar eru t.d. kílógrömm og milligrömm.
Þegar verið er að versla eru vörur oft seldar eftir þyngd.

b) Algengar mælieiningar eru t.d desilítrar, sentilítrar og millilítrar.
Mjólk, safar og gosdrykkir eru t.d. seld í lítrum út í búð.

4

a) 10 sinnum stærri
b) 10 sinnum stærri
c) 10 sinnum stærri
d) 10 sinnum stærri
e) Ef taflan við dæmi 2 er skoðuð sést að fyrir hvert sæti sem farið er til hægri í töflunni þá verður stærðin 10 sinnum minni. Ef farið er til vinstri í töflunni verður talan hins vegar 10 sinnum stærri.

bls. 111

5 Margar leiðir að lausn. Hér eru settar fram tvær hugmyndir.

Hugmynd 1:
Mjólk, 5 gosdósir og salat í annan pokann
Kartöflur, nautahakk, ostur, 1 gosdós, jógúrt, matarolía og súkkulaði í hinn.

Hugmynd 2:
2 l mjólk, kartöflur, nautahakk, ostur og súkkulaði í annan pokann.
1 l mjólk, gos, matarolía, jógúrt og salat í hinn.

6 Húsið er 156 fermetrar.
Sé húsið stækkað um 100 fermetra er það 64% stækkun.

7 Lóðin er 40 metrar að lengd.
Hlutfallið milli lengdar og breiddar er 4:3.
Nýtingarhlutfall lóðarinnar breyttist við stækkun hússins úr 13% í 21,3%.

8 Árni ekur hraðar.